

Nr. 111 / 10 Jón Magnús**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 7571
Smíðaður: Noregi 2006, plast
Stærð: 9,93 brl. 14,79 bt.
Mesta lengd: 10,7 m Skráð lengd: 9,85 m
Breidd: 3,3 m Dýpt: 2,42 m
Vél: Volvo Penta 179,9 kW, 2006
Fjöldi skipverja: 1

Gögn:

Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 18. febrúar 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 9. ágúst 2010 var skemmtibáturinn Jón Magnús á siglingu í Faxaflóa Veður: V 3-4 m/sek.

Skipverji var á fiskveiðum skammt vestur af Kjalarnesi og þegar veiðunum lauk setti hann á fulla ferð til Reykjavíkur. Siglt hafði verið í um tíu mínútur þegar hann veitti því athygli að reyk lagði frá vélarrúninu. Taldi hann að eldur væri laus og stöðvaði vélina. Hann kallaði eftir aðstoð og var björgunarbáturinn Halla Jónsdóttir send á vettvang. Þegar formaður opnaði niður í vélarrúmið og reykur og gufa hafði stigið upp úr því var enginn eldur en soðið hafði á vélinni vegna bilunar í sjódælu í kælikerfi vélarinnar

Björgunarbáturinn Halla Jónsdóttir dró bátinn til Reykjavíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að sjódælan við kælikerfið var gúmmíhjóladaela og við skoðun á henni var hjólið ónýtt svo dælan hélt ekki uppi þrýstingi á kerfinu;
- að formaður sagðist ekki hafa orðið var við að stífla kæmi í sjóinntakið sem er í hældrifi en ekki í botni bátsins;
- að yfirhitavar er í aðvörunarbúnaði vélarinnar og á hann að gefa aðvörun með ljósi og flautu ef kælivatnshiti fer yfir fyrirfarm ákveðið hitastig;
- að formaður varð ekki var við að aðvörunarkerfi vélarinnar gæfi merki um yfirhitun kælivatnsins. Þessi búnaður hefur því verið bilaður.

Nefndarálit:

Orsök atviksins var að gúmmíhjól í sjódælu kælikerfis vélarinnar eyðilagðist en ekki er ljóst hvað skemmdi hjólið.